

# Fornleifakönnun vegna framkvæmda við áningarstað ferðamanna í landi Hvítaness við Djúp



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 18 - 17  
Maí 2017

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning mán/ár:</b> Maí 2017
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 18-17		<b>Verknúmer:</b> 348
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifakönnun vegna framkvæmda við áningarstað ferðamanna í landi Hvítanes við Djúp.		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Höfundur:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Blaðsíður:</b> 15
<b>Unnið fyrir:</b> Súðavíkurrepp		<b>Fjöldi viðauka:</b> 0
<b>Verkefnastjóri:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Upplag:</b> 5
		<b>Fjöldi korta:</b> 1
		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b> Lokaeintak
		<b>Samstarfsaðilar:</b>
<h2>ÚTDRÁTTUR</h2> <p>Að beiðni Árna Traustasonar fyrir hönd Súðavíkurrepps gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á litlu svæði í landi Hvítarnes í Djúpi.</p> <p>Á því svæði sem framkvæmdir eru áformaðar voru skráðar 9 minjar. Svæðið eru tveir tangar, annar er kallaður Hjallatangi og hinn hefur ekkert sérstakt nafn. Á Hjallatanga er áformað að gera bílastæði og svo göngustíg yfir á hinn tangann. Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á matjurtargarðinn sem þarna stendur. Ekki sjást ummerki um fleiri minjar á Hjallatanga en mikið náttúrlegt grjót er undir sverði og erfitt að gera sér grein fyrir hvort einhverjar minjar séu til staðar sem eru ekki sjáanlegar á yfirborði. Lagt er til að minjar verði merktar á framkvæmdartíma til að koma í veg fyrir að þær skemmist vegna framkvæmda.</p>		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifar, Hvítanes, Skötufjörður, Hestfjörður.		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeology, Hvítanes, Skötufjörður, Hestfjörður.
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b> Hulda Birna Albertsdóttir

**EFNISYFIRLIT**

ÚTDRÁTTUR .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
INNGANGUR .....	4
MARKMIÐ OG AÐFERÐIR .....	4
Tilgangur fornleifaskráninga .....	4
Aðferðafræði .....	6
SKRÁ YFIR FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI .....	6
Hvítanes .....	6
Saga .....	6
Fornleifakönnun .....	7
UMRÆÐUR/NIÐURSTÖÐUR .....	13
KORT .....	14
HEIMILDASKRÁ .....	15

## INNGANGUR

Að beiðni Árna Traustasonar fyrir hönd Súðavíkurhrepps gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á litlu svæði í landi Hvítanes í Ísafjarðardjúpi. Svæðið er beint fyrir framan bæinn á Hvítanesi en vestanmengin við þjóðveginn um Djúp. Á þessu svæði er áformað að gera áningarstað fyrir ferðamenn með bílastæði á Hjallatanga og göngustíg við fjárréttina sem er á litlum tanga þar norðan við. Fornleifakönnun var framkvæmd þann 29. apríl 2017 af Margréti Hallmundsóttur fornleifafraeðing sem jafnframt annaðist skýrslugerð. Svæðið er 6.600 fermetrar.



Mynd 1. Könnunarsvæði vegna framkvæmdanna.

## MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

### Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögumum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að mínjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að mínjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

## SKRÁ YFIR FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnunar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfalli er númerið **1866**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnunar <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer dæmi: *verkefnanúmer 1866-1*.

## Hvítanes

### Saga

Byggð hefur líklega verið á Hvítanesi síðan á landnámsöld því í landi Hvítanes er skáli sem hefur dæmigerða lögun landnámskála. Í jarðabók Árna og Páls Víталín frá sem skráð var um 1710 er þess getið að tvíbýlt var í Hvítanesi. Þá var skógur til rafviða þrotin en bjarglegur til kola og eldiviðar. Torf þurfti að sækja á þök og hey til annarra bæja um langa og slæma vegi. Uppblástur grandaði úthögum og skriður grönduðu túnnum. Vatnsból brást sumar og vetur og var þá sótt um erfiðan veg í fjöru þar sem laug var. Heimræði tíðkaðist áður en ekki lengur vegna þess að fiskur gekk illa í Skötufjörð.<sup>1</sup> Í sýslu og sóknarlýsingum fyrir Eyrasókn sem rituð var á Hvítanesi í maí árið 1854 er hagur aðeins farinn að vænkast í Hvítanesi. Það ár var jörðin 24 hundruð með stórt tún og ógrasgefið víðlendi mikið. Fjörubeit var góð og trégrindur í öllum fjárhúsum. Þarna var róður hafinn aftur og róið var á sumrin fyrir fisk og spöku út á fjörðinn.<sup>2</sup> Litlibær var byggður í landi Hvítaness um aldamótin 1900. Þá var byggt fallett hús af tveimur fjölskyldum sem stunduðu sjóinn. Fjölskyldurnar byggðu lítið fallett hús úr þeim efnivið sem nóg var af, sem var grjót og ruddu grýtt landslag til að gera lítið tún. Þjóðminjasafn Íslands gerði þetta fallega hús upp og þar er á sumrin veitingasala.

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín 7 bindi, 1940:188-189.

<sup>2</sup> Sýslu og Sóknarlýsingar Ísafjarðar og Strandasókna, 1952:135-136.

**Fornleifakönnun**

Númer : 1866-1

**Hlutverk:** Fjarrétt/rústir**Tegund:** Hleðslur**Staðsetning (isnet):** A 326812 N 616008


**Staðhættir:** Rétt við þjóðveginn þar sem hann liggur framhjá bænum Hvítanesi er lítill tangi. Á þessum tanga má sjá grjóthlaðna rétt.

**Minjalýsing:** Á svæðinu er fjarrétt. Greina má hluta af hólfum og einn langan vegg. Hleðslur eru um 120 cm á breidd og hæð hleðslanna er um 150 cm þar sem þær eru hæstar. Lengsti veggurinn er 52 m og aftan við hann nær sjónum eru þrjú hólf. Hólfín voru samkvæmt heimildarmanni Kristjáns Kristjánssonar, sem er bóndi í Hvítanesi voru einu sinni hús sem hétu *Sjávarhús* og man faðir ábúanda eftir því að á þeim hafi verið þak. Síðar var þessu breytt í fjarrétt á síðustu öld. Hluti af réttinni virðist hafa horfið við vegaf framkvæmdir.



Mynd 2. Fjarrétt sem áður stóðu hús sem var breitt í hólf í réttinni.





Teikning 1. Teikningin sýnir fjárréttina sem merkt er 1.

Númer : 1866-2

Hlutverk: Bólverk

Tegund: Hleðsla

Staðsetning (isnet): A 326831 N 616011


Staðhættir: Í fjörunni framan við réttina sem stendur, á er hlaðið bólverk.

Minjalýsing: Bólverkið er hlaðið frá ströndinni, í fjöru og út í sjó. Bólverk voru einskona bryggjur til að auðvelda mönnum störf í fjörunni þar sem bátar komu að landi. Bólverkið er 11 m á lengd.



Mynd 3. Bólverk sem liggur í fjörunni.





Teikning 2. Hvíta örin bendir á bólverkið.

**Númer :** 1866-3

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning (isnet):** A 326801 N 616021

**Staðhættir:** Fast við réttina er ferhyrndur niðurgröftur.

**Minjalýsing:** Niðurgröfturinn er 7 m á lengd og 3 m á breidd. Þarna var kró fyrir lömb áður.



Mynd 4. Fremst á myndinni sést í niðurgröftinn framan við réttina.

Númer : 1866-4

Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla+niðurgröftur

Staðsetning (isnet): A 326822 N 616007

**Staðhættir:** Við ströndina framan við réttina má sjá minjar af naust sem staðið hafa þar.

**Minjalýsing:** Naustin eru yfirgróin að mestu en þó má greina niðurgröft og sér móta fyrir sokknum hleðslum sem hafa verið naustin. Naustið sem er nyrst er 7 m á lengd og 4 m á breidd. Naustið hefur mögulega verið lengra þegar það var í notkun.



Mynd 5. Á myndinni sést móta fyrir naustinu undir sverði.

Númer : 1866-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning (isnet): A 326824 N 615999

**Staðhættir:** Á milli naustanna er þúst. Ekki er vitað hvort um sé að ræða þúst vegna mannvirkis sem hefur staðið þarna eða hvort um náttúrlegt grjót undir sverði sé að ræða.

**Minjalýsing:** Þústin er græn og grjót finnst undir sverði.



Númer : 1866-6

Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla+niðurgröftur


Staðsetning (isnet): A 326822 N 615989

Staðhættir: Við ströndina framan við réttina má sjá minjar um naust sem staðið hafa þar.

Minjalýsing: Naustin eru yfirgróin að mestu en þó má greina niðurgröft og sér móta fyrir sokknum hleðslum sem hafa verið naustin. Naustið sem er suður af hinu er 8 m á lengd og 3 m á breidd. Naustið hefur mögulega verið lengra þegar það var í notkun.



Mynd 6. Hleðslur úr syðra naustinu sjást betur en það sem norðar er, sem er mun sokknara í svörð.



Teikning 3. Teikningin sýnir naustin og þústina við fjöruna.

Númer : 1866-7

Hlutverk: Bólverk

Tegund: Hleðsla

Staðsetning (isnet): A 326835 N 615976

Staðhættir: Um 33 m suður af bólverki [3] og 3 m frá endanum á fjárréttinni er annað bólverk.

Minjalýsing: Bólverkið er eins og hitt, hlaðið úr stóru grjóti úr fjörunni og liggur frá ströndinni yfir fjörunna og út í sjó. Bólverkið er um 1 m á breidd og 16 m á lengd

Númer : 1866-8

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðsetning (isnet): A 326855 N 615902

Staðhættir: Á tanga sem heitir Hjallatangi er hleðsla eftir matjurtagar sem þar stóð. Helmingur hans er horfin vegna þjóðvegarins.

Minjalýsing: Garðurinn hefur verið ferkantaður.

Það sem eftir er að af garðinum eru tvær hliðar hans sem samtals eru 51 m. Önnur hliðin er 24

metrar og hin er 26. Hleðslurnar eru um 1 m á breidd og hæð þeirra er 160 cm.



Mynd 7. Hleðslur af matjurtagarði sem stóð á Hjallatanga. Líklegt er að restin hafi horfið vegna vegagerðar um djúp.

Númer : 1866-9

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Hleðsla

Staðsetning (isnet): A 326867 N 615900

Staðhættir: Rétt vestur af horninu á matjurtagarðinum þar sem má greina hleðslu, sem er að mestu sokkinn í gróður.

**Minjalýsing:** Hleðslan er af hjalli sem þarna stóð og tanginn er kenndur við. Hleðslan er ferköntuð og er 9 m á breidd og 10 m á lengd.

## UMRÆÐUR/NIÐURSTÖÐUR

Á því svæði sem framkvæmdir eru áformaðar voru skráðar 9 minjar. Svæðið eru tveir tangar, annar er kallaður Hjallatangi og hinn hefur ekkert sérstakt nafn. Á Hjallatanga er áformað að gera bílastæði og svo göngustíg yfir á hinn tangann. Í frumdrögum er gert ráð fyrir að setja göngustíg yfir hlaðin grunn af hjalli [1866-9], sem þar stóð. Leyfi þarf hjá Minjastofnun Íslands til að hylja eða fjarlægja minjar. Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á matjurtargarðinn sem þarna stendur. Ekki sjást ummerki um fleiri minjar á Hjallatanga en mikið náttúrulegt grjót er undir sverði og erfitt að gera sér grein fyrir hvort einhverjar minjar séu til staðar sem eru ekki sjáanlegar á yfirborði. Engar heimildir fundust um frekari minjar þar og Kristján Kristjánsson ábúandi vissi ekki um fleiri minjar.

Fyrirhugað er að tengja bílastæðin sem verða á Hjallatanga við hinn tangann með göngustígum. Á þeim tanga eru fleiri minjar. Flestar þeirra sleppa við skemmdir. Þó er göngustígurinn fyrirhugaður yfir naustin [1866-4] [1866-6] og eina rústabungu [1866-5]. Leyfi þarf frá Minjastofnun að hylja eða fjarlægja minjar. Flestar minjar sem þarna eru fá því að njóta sín miðað við frumdrög að hönnun svæðis. Lagt er til að minjar verði merktar á framkvæmdartíma til að koma í veg fyrir að þær skemmist vegna framkvæmda. Komi minjar óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.





NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

[www.nave.is](http://www.nave.is) sími 456-7005

FORNLEIFAKÖNNUN VEGNA FRAMKVÆMDA  
VIÐ ÁNINGARSTAÐ FERÐAMANN Í LANDI  
HVÍTANESS VIÐ DJÚP

Útg: 10.5.2017 Mælikvarði: 1:750

Hulda Birna Albertsdóttir

## HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Sóknarlýsingar Vestfjarða II. 1952. Ísafjarðar og Strandasýslur. Samband Vestfízkra áttthagafélaga. Reykjavík.

### Óútgefnar heimildir.

Örnennaskrá Hvítanes . Örnefnastofnun Íslands.